

Ráðhús Reykjavíkur - mannréttindaskrifstofa  
Anna Kristinsdóttir  
mannréttindastjóri  
Tjarnargötu 11

101

Efni:

***Tillaga til þingsályktunar um stofnun  
ráðgjafarstofu innflytjenda, 19.mál.***

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 19.mál.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hefur fengið til umsagnar ofangreinda tillögu og fagnar að fram sé komin þingsályktunartillaga um stofnun ráðgjafastofu innflytjenda.

Mannréttindaskrifstofa vill koma eftirfarandi á framfæri:

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu árið 2017 voru 25.207 íbúar með erlend ríkisföng með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu og ekki er nein sérstök ráðgjöf innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu.

Á árum 2012-2016 störfuðu ráðgjafar innflytjenda á mannréttindaskrifstofu sem töluðu íslensku og önnur tungumál meðal annars pólsku, ensku, lithásku, rússnesku, arabísku og filippseysku. Mikið aðsókn var fyrir þessa þjónustu og yfir 6000 einstaklingar leituð aðstoðar hjá ráðgjöfum. Þjónusta átti að snúast um ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu Reykjavíkurborgar en fljótlega varð ljóst að íbúar af erlendum uppruna þurftu mikla hjálp við mál sem snerust um þjónustu ríkisins eins og til dæmis skráningu innan lands (Þjóðskrá), skattamál (RSK), vinnumál (VMST), umsóknir um dvalar- og atvinnuleyfi ( UTL) og fleira og fleira. Ekki aðeins voru það Reykjavíkingar sem sóttu þjónustuna heldur einnig íbúar frá öðrum sveitafélögum.

Þrátt fyrir að þjónusta væri hætt árið 2016 fær mannréttindaskrifstofa ennþá mikið af erindum frá erlendum íbúum og ljóst að mikil þörf er fyrir slíka ráðgjafastöð á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst

Anna Kristinsdóttir